

Reglugerð um iðkendagjald BLÍ

- 1. gr.** Stjórn BLÍ skal innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félag blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSÍ eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ s.s. Íslandsmóti, bikarkeppni, haustmóti og öldungamóti.
- 2. gr.** Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ á oddatöluári fyrir tvö ár í senn.
- 3. gr.** Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem spila í yngri flokkum og eru 18 ára eða yngri á keppnistímabilinu.
- 4. gr.** Félögin skulu standa skil á gjöldum iðkenda sinna um leið og þau senda inn leikmannalista sína. Til að leikmaður teljist hafa leikheimild skal félag hafa greitt iðkendagjaldið áður en leikmaður er skráður á skýrslu í Íslands- og bikarmótum BLÍ annars telst leikmaðurinn ólöglegur.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019